



## Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 21. október 2019 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:00.

Mætt voru: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Heiða B. Heiðars, Viggó K. Jóhannsson, Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Ester Bíbí Ásgeirsdóttir og Laufey Ólafsdóttir. Katrín Baldursdóttir og Jóhann Helgi Heiðdal voru með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar hefur verið samþykkt.

### 2. Verkefni fram að aðventufundi

#### a. Stuðningur við aðrar stjórnir og ráð

Framkvæmdastjórn mun vinna með málefnastrjórn við að koma málefnanefndum á fót eins og fram hefur komið áður.

#### b. Stuðningur við hagsmunabaráttu hinna verr settu

Aftur var rætt um möguleikann á að leigja húsnæði fyrir flokkinn, Maístjórnuna og hagsmunahópana.

#### c. Upplýsingar og áróður

Talað var um að auglýsa betur viðtalstíma borgarfulltrúa og að koma mætti borgarfulltrúum meira að í fjölmiðlum og e.t.v. senda meira af fréttatilkynningum.

Hugmynd kom fram frá Katrínu um að búnar verði til fleiri og fjölbreyttari myndstreytingar fyrir flokkinn til að hafa með textum og viðburðum.

#### d. Uppbygging flokksins og fjölgun félaga

Rætt um mikilvægi þess að við í stjórninni séum sýnileg á vefnum og dugleg að deila.

Hugmynd kom fram um að búa til hlaðvarpsþætti sem ýmsir gætu komið að.

Sósíalísta-kaffi mætti jafnvel hafa í mismunandi hverfum og leggja áherslu á að virkja sellurnar á þeim stað til að mæta.

e. Annað

Rætt var um hvernig best sé að virkja kjörnefndina, fram kom sú hugmynd að halda óformlegan kaffifund.

3. Maístjarnan

Engar nýjar styrkbeiðnir hafa borist Maístjörnunni.

4. Fjármál

Staða á reikningum. Flokkurinn: 868.495 kr., Maístjarnan 2.379.461 kr.

5. Önnur mál

Katrín lagði til að nafni kjörnefndar yrði breytt.